

Borgarráð

Skipun kjaranefndar Reykjavíkurborgar

Þann 19. september 2016 voru þau Inga Björg Hjaltadóttir, Ólafur Darri Andrason og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, skipuð í Kjaranefnd Reykjavíkurborgar frá og með 1. júlí 2016. Kjaranefnd Reykjavíkurborgar ákvarðar laun embættismanna borgarinnar. Laun eru þannig ákveðin að ekki skal vera um frekari greiðslur að ræða nema kjaranefnd úrskurði um það sérstaklega. Kjaranefnd fylgist með ákvörðunum kjararáðs ríkisins varðandi þau embætti sem höfð eru til viðmiðunar við ákvörðun kjara embættismanna Reykjavíkurborgar og ber að tryggja að embættismenn borgarinnar njóta sambærilegra hækkana og embættismenn ríkisins. Embættismenn Reykjavíkurborgar sem heyra undir kjaranefnd eru sjálfkrafa undanþegnir verkfallsrétti. Kjaranefnd Reykjavíkurborgar vinnur eftir verklagsreglum sem voru fyrst settar hinn 1. júlí 1999 en voru síðast gefnar út endurskoðaðar hinn 1. mars 2004.

Í verklagsreglum kjaranefndar segir um hlutverk nefndarinnar:

- 1.1 Kjaranefnd ákvarði um laun embættismanna Reykjavíkurborgar. Laun eru þannig ákveðin að ekki skal vera um frekari greiðslur að ræða, nema kjaranefnd úrskurði um það sérstaklega.
- 1.2 Kjaranefnd úrskurðar enn fremur um orlof og orlofslaun embættismanna.
- 1.3 Kjaranefnd skal fylgjast með ákvörðunum kjaranefndar ríkisins varðandi þau embætti sem höfð eru til viðmiðunar við ákvörðun kjara embættismanna Reykjavíkurborgar og tryggja að embættismenn borgarinnar njóta sambærilegra hækkana og embættismenn ríkisins. Einnig að endurskoða viðmiðin eftir þörfum.
- 1.4 Kjaranefnd skal taka við athugasemdum og ábendingum embættismanna sem heyra undir ákvörðun nefndarinnar varðandi launamál þeirra.
- 1.5 Kjaranefnd skal fylgjast með launaákvörðunum sviðsstjóra. Sviðsstjóri skal, við ákvörðun um laun þeirra sem undir hann heyra, tryggja að launin séu innan ramma þess launakerfis og launastefnu sem kjaranefnd hefur markað með úrskurðum sínum á hverjum tíma. Skylt er sviðsstjóra að kynna kjaranefnd tillögur sínar að launaákvörðunum áður en þær eru kynntar hlutaðeigandi starfsmanni og koma til framkvæmda.
- 1.6 Kjaranefnd skal kynna hlutaðeigandi embættismönnum verklagsreglur þessar.

Í skipunarbréfi er kjaranefnd falið að standa fyrir endurskoðun á gildandi verklagsreglum og gera tillögur að breytingum á þeim eftir atvikum meðal annars með hliðsjón af nýju frumvarpi um kjararáð.

Starfsmenn nefndarinnar koma frá mannauðsdeild Ráðhúss og kjaradeild.

Starfsmannastjóri Reykjavíkurborgar og deildarstjóri kjaradeildar eru nefndinni til ráðgjafar og stuðnings.

S. Björn Blöndal
e.u.